

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

11. tbl. • 11. árg. • Nóvember 2005

Eru hátæknifyrirtækin á förum?

Á fjölmönnum fundi Samtaka iðnaðarins á föstudaginn um stöðu hátækni iðnaðarins á Íslandi kom fram að uppbygging þessa iðnaðar hér á landi er í mikilli hættu. Ljóst er að hann muni standa í stað eða dragast saman verði ekkert að gert. Rauði þráðurinn í máli frummælenda var að sveiflur í gengi krónunnar og ofurgengi hennar um þessar mundir stefni greininni í voða. Af hálfu stjórnvalda er hvorki hlúð nógu vel að rannsókn- og þróunarstarfsemi né staðið á verði gagnvart markvissri stefnumótun

annarra þjóða á sviði hátækni. Þar eru sköpuð hagstæð rekstarskilyrði sem leiða til þess að mun hagkvæmara er fyrir íslensk fyrirtæki að leita þangað en berjast hér í bökkum. Mönnum þótti nokkurri furðu gegna hversu mikla áherslu íslensk stjórnvöld leggja á að fá erlend fyrirtæki til að fjárfesta hér á landi og bjóða þeim gull og græna skóga en eru treg til aðgerða þótt íslensk hátækni-fyrirtæki dragist upp og jafnvel leggi upp laupana.

Framhald á bls. 4 - 5

Meðal efnis:

Ritstjórnargrein

Rannsóknastofnanir ráðuneytanna eða atvinnuveganna? 2



Bechtel

Öryggis- og umhverfismál skipta máli 7





Nýr hlutabréfamarkaður - isec

- fyrir framsækin fyrirtæki í vexti 10



Stöðugur óstöðugleiki



Spáð í hátækni iðnaðinn

Samtök iðnaðarins hafa gefið út tvö rit um hátækni iðnað á Íslandi. Þetta er aukin og endurbætt útgáfa frá drögum sem voru lögð fram á Iðnpingi 18. mars sl. Í öðru ritinu er fjallað um þróun og stöðu hátækni iðnaðar á Íslandi og einnig á Norðurlöndum og Írlandi. Hitt ritið er helgað framtíðarsýn og spá Samtaka iðnaðarins fyrir hátækni iðnaðinn. Unnt er að fá ritin á skrifstofu SI eða á vefsetri þeirra www.si.is

Rannsóknastofnanir ráðuneytanna eða atvinnuveganna?

Vísinda- og tækniráð hefur mótað stefnu um að starfsemi og skipulag rannsóknastofnana atvinnuveganna verði endurskipulögð. Annars vegar á að sameina Iðntæknistofnun Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Hins vegar á að sameina rannsóknir á sviði matvælaíðnaðar á vegum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnunar, Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins og Rannsóknarstofu Umhverfisstofnunar í einkahlutafélagi í eigu ríkisins. Vinnuhópar hafa verið að störfum og nýlega skilað tillögum.

Óskiljanleg stefnumörkun

Samtök iðnaðarins hafa um langt skeið talið æskilegast að rannsóknastarfsemi allra þessara stofnana verði sameinuð í eina öfluga rannsóknastofnun sem starfi í nánnum tengslum við atvinnulífið og háskóla á tækni sviðum. Hagræðið ætti að vera augljóst og einstakt tækifæri að tengja þessar stofnanir uppbyggingu háskóla og hátæknisjúkrahúss í Vatnsmýrinni. Með því skapast ný tækifæri til að taka upp þverfagleg viðfangsefni sem krefjast þekkingar á mörgum sviðum og geta fært íslensku atvinnulífi nýja landvinninga á sviðum tækni og þekkingar. Dæmigerð verkefni eru t.d. á matvælasviði þar sem metnaðarfull verkefni um aukið vinnsluvirði matvæla krefjast í vaxandi mæli þekkingar á örverum og eiginleikum matvæla í bland við þekkingu á vinnsluferlum, véltækni, upplýsingatækni, sjálfvirkni, efnis-tækni og jafnvel nanótækni.



Stefna Vísinda- og tækniráðs að halda þessum stofnunum enn um sinn í smáum og veikburða einingum er óskiljanleg, jafnvel þótt nú séu stigin hægfara skref í þá átt að stækka einingarnar.

Endurspeglar úrelt skipulag

Í þessu fyrirkomulagi felst í raun fortíðarhugsun sem endurspeglar úrelt skipulag atvinnuvegaráðuneytanna sem löngu er orðið tímabært að breyta. Aðrar Norðurlandþjóðir hafa lagt mun meiri áherslu á að laga skipulag ráðuneyta sinna að breytingum í atvinnulíf-inu en gert hefur verið hér á landi.

Okkar skipulag leiðir til þess að úreltri hólfaskiptingu atvinnulífsins er haldið við á ótrúlega mörgum sviðum. Ýmist er togast á um hver eigi að ráða ferðinni í mikilvægum málum eða að verkefni falla óleyst einhvers staðar milli ráðuneyta þar sem enginn sinnir þeim. Sama á við um rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem oft keppa um hylli ráðuneyta sinna en hafa takmarkað svigrúm til að koma til móts við óskir og framtíðarþarfir atvinnulífs sem ekki fellur að atvinnuvegaskiptingu ráðuneytanna.

Framtíðaruppbygging atvinnulífsins ekki höfð að leiðarljósi

Þær nefndir, sem iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra skipuðu, hafa skilað af sér tillögum. Þegar þær eru

skoðaðar blasir við hversu skammt þær ganga og litlar tilraunir gerðar til að skoða í nýju ljósi starfsemi þeirra stofnana sem settar verða á fót. Mest fer fyrir umræðu um hvernig innra skipulagið eigi að líta út.

Í tillögum nefndar iðnaðarráðherra er gert ráð fyrir að sameinuð stofnun verði áfram ríkisstofnun og starfsemin mótuð út frá því sem áður var innan veggja Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og að starfsemi á matvælasviði verði færð út úr starfseminni. Ekki kemur fram hvernig stjórn hennar verður skipuð. Í tillögum nefndar um matvælarannsóknir er gengið einu skrefi lengra varðandi skipulagsþáttinn. Lagt er til að rekstrarformið verði einkahlutafélag í eigu ríkisins og sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu. Einnig er gerð tillaga um 7 manna stjórn sem skipuð verði tveimur fulltrúum sjávarútvegsráðherra, einum fulltrúa landbúnaðarráðherra, einum fulltrúa iðnaðarráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra, einum sameiginlegum fulltrúa HÍ, HR, HA og Landbúnaðarháskólans og loks einum fulltrúa SA. Í báðum tillögum er lögð áhersla á hagræðingu og samlegðaráhrif en í hvorugri þeirra er gert mikið úr þeim árangri sem að er stefnt í sam-starfi við starfsgreinar atvinnulífsins hvað þá að horft sé til framtíðar.

Hverjum er verið að þjóna?

Þegar ljóst var hvert stefndi varðandi breytingar á starfsemi rannsóknastofnana óskuðu Samtök iðnaðarins eindregið eftir að fá að taka þátt í þeim nefndum sem falið var að vinna tillögur að skipulagsbreytingunum. Við þeirri málaleitan fengust því miður engin

Ályktun stjórnar Samtaka iðnaðarins vegna hækkunar olíuverðs

Síðustu mánuði hefur olíuverð tekið miklum hækkunum og hefur til dæmis hækkað um nær 35% frá því í febrúar. Frá því í apríl hefur verðið stöðugt verið á uppleið. Olía er einn stærsti einstaki kostnaðarliðurinn í rekstri jarðvinnuverktaka og skiptir þróun olíuverðs miklu um afkomu fyrirtækja í greininni. Langflestir verksamningar eru gerðir að vori en verk unnin og þeim lokið að sumri eða hausti. Flestir samningar höfðu því

gerðir áður en umrædd hrina olíuverðhækkana fór af stað. Að óbreyttu þurfa fyrirtækin því að bera mikinn og óvæntan skaða.

Verksamningar, sem gerðir eru til lengri tíma en eins árs, eru alla jafna verðbættir. Hins vegar eru langtíma-verkefni mun fátíðari en þau sem taka skemmri tíma. Ennfremur hefur lækkun á gengi og þar með lækkað kaupverð tækja og búnaðar haft veruleg áhrif á vísitölupróun þannig að vísitölur mæla ekki hina óheppilegu þróun olíuverðs.

Erfiðleikar jarðvinnuverktaka felast ekki síst í því að fyrirtækin eru bundin verksamningum þar sem verð er ákveðið fyrir fram og er óbreytanlegt. Ólíkt öðrum fyrirtækjum geta jarðvinnufyrirtæki ekki velt verðhækkunum út í verðlagið og neyðast til að bera skaðann.

Stjórn Samtaka iðnaðarins óskar eftir að verkkaupar bregðist við breyttum markaðaðstæðum af skynsemi og sanngirni og ívilni vertökum til mótvægis við hina óvæntu hækkun olíu. Til slíkra aðgerða gripu stærri verkkaupar árið 2000 við áþekkar aðstæður og nú ríkja.

Ritstjórnargrein framhald:

önnur viðbrögð en þau að ef menn vildu fá fram einhverjar breytingar yrðu þeir að sætta sig við að málin færu í þann tvískipta farveg sem Vísinda- og tækniráð hafði ákveðið.

Þegar fyrirbyggjandi tillögur eru skoðaðar nánar liggur ljóst fyrir að verið er að færa rannsóknastofnanir atvinnuveganna enn frekar undir áhrifasvið ráðuneytanna. Sögulegt tækifæri er ekki nýtt til að ná meiri samhæfingu í starfseminu í einni öflugri stofnun eða félagi sem hefði það að leiðarljósi að vinna náið með fyrirtækjum í atvinnulífinu og samtökum þeirra að uppbyggingu sem skilað gæti mun meiri árangri en fyrra skipulag. Óhjákvæmilega vakna spurningar um hverjum sé þjónað með þeim tillögum sem nú liggja fyrir atvinnulífinu eða ráðuneytunum?

Davíð Lúðvíksson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
11. töl. Nóvember 2005
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 23.11.2005
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán, Gunnar V. Andrésen bls. 5.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins,
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Nýir félagsmenn

Loftlínur ehf.
Rauðhömrum 8
112 Reykjavík
Jarðvinnuverktaka

Þyngdarafli ehf.
Síðumúla 1
108 Reykjavík
Mannvirkjagerð

Rósaberg ehf.
Háhóli
781 Hornafirði
Jarðvinnuverktaka

Mentor
Þóróddsstöðum v/Skógarhlíð
105 Reykjavík
Upplýsingatækniðnaður

AGR ehf.
Borgartúni 37
105 Reykjavík
Upplýsingatækniðnaður



Eru hátæknifyrirtækin á förum?

Tilfni fundarins var skýrslan *Hátækniðnaður, þróun og staða á Íslandi - staða og stefna á Norðurlöndum og Írlandi* svo og ritið *Hátækniðnaður, framtíðarsýn og spá*. Frum-mælendur á fundinum voru Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Hörður Arnarson, framkvæmdastjóri Marels hf., Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku hf. og formaður Samtaka sprotafyrirtækja, Ingvar Kristinsson, þróunarstjóri Landsteina-Strengs hf. og Sigmar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri Stjórnun-Odda ehf.

Erfið rekstrarskilyrði

Sveinn Hannesson telur tímabært að íslensk stjórnvöld móti stefnu og framkvæmdaáætlun um það hvernig við viljum að íslenskt atvinnulíf þróist á næstu árum og hvernig best verði tryggt að íslensk fyrirtæki geti byggt upp starfsemi hér á landi ekki síður en í öðrum löngum. Ef ástandið batni ekki fari þau bestu fyrst. Hörður Arnarson sagði að í flestum löndum geri stjórnvöld og stjórnámálmenn sér skýra grein fyrir mikilvægi þess að útflutningsiðnaður vaxi en á það skorti mjög hér á landi. Hann sagði að í mörgum löndum hafi verið beitt sértækum aðgerðum til að stuðla að uppbyggingu slíkra fyrirtækja en taldi vænlegast að hafa leikreglurnar nógu almennar því að það skili langbestum árangri.

Af hverju eru sveiflur skaðlegar?

Hörður Arnarson gaf greinargott dæmi um þau áhrif sem gengisbreytingar hafa á fyrirtækjarekstur hér á landi um þessar mundir.

Hann sagði hina sterku krónu skaða mjög rekstur útflutningsfyrirtæki og hún væri afleiðing af aðgerðum Seðla-bankans og aðgerðum eða aðgerðaleyfi ríkis og sveitarfélaga. Hann sagði rekstur útflutningsfyrirtækjanna

Áhrif gengisbreytinga miðað við áhrif launabreytinga

Dæmi: Útflutningsfyrirtæki, 25% launahlutfall

Annar rekstrarkostnaður: 70% innlendur

30% erlendur

Áhrif gengisbreytinga á rekstur útflutningsfyrirtækja

		10%	25%
Rekstartekjur	1.000	900	750
Launakostnaður (25%)	250	250	250
Annar kostnaður	700	679	649
Rekstarhagnaður	50	-29	-149
Áhrif 10% gengishækkunar eru sambærileg		32%	launahækkun
Áhrif 25% gengishækkunar eru sambærileg		80%	launahækkun

viðkvæman og því mikla hættu á að þau hættu rekstri eða flyttu úr landi og tjónið af því gæti orðið varanlegt.

Fyrirtæki **Sigmars Guðbjörnssonar** selur vörur sínar til 50 landa og sölufurlið getur tekið allt frá einu til þriggja ára. Sigmar sagði gengið því skipta reksturinn miklu máli en allar áætlanir rjúki út í veður og vind í takti við þróun íslensku krónunnar. Sigmar sagðist hafa þurft að hækka vörur sínar oftast en einu sinni á sama ári og það væri vandi að útskýra fyrir erlendum viðskiptavinum að til sé íslensk króna. Fyrir vikið þurfi hann að berjast við að halda tilteknum trúverðugleika. Er nokkur furða þótt spurt sé hvar á byggðu bóli menn myndu sætta sig við sveiflur af þessu tagi? **Ingvar Kristinsson** nefndi sem dæmi að við gerð fjárhagsáætlunar í fyrirtæki hans hefði verið gert ráð fyrir að gengið kynni að lækka nokkuð en enginn hefði séð fyrir að það færi niður um 17-20 prósent.

Hvað er í boði annars staðar?

Nágrannapjóðir okkar hafa gert sér grein fyrir að hér á landi er eftir miklu að slægjast þegar hátæknifyrirtæki eiga í hlut og mörg þeirra hafa fengið freistandi tilboð um að flytja starfsemi sína úr landi. **Jón Ágúst Þorsteinsson** sagði alþjóðlega samkeppni um þekkingu og velmenntað starfsfólk hafa

Hlutur íslensks hátækniðnaðar í þjóðarbúskapnum

- Saga hátækniðnaðar á Íslandi er aðeins 15 til 20 ára.
- Hátæknigreinar lögðu um 10 milljarða króna í rannsókn- og þróunarstarf árið 2003.
- 4% af landsframleiðslu og yfir 7% gjaldeyrstekna árið 2004 komu frá hátæknigreinum.
- Um 6500 manns starfa í hátæknigreinum, þar af eru konur 34%. Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna er allt frá 20% í síma- og fjarskiptaþjónustu til 70% í líftækni.
- Frá 1990 hafa um 3500 ný störf orðið til í hátækniðnaði eða um 20% allra nýrra starfa í landinu.
- Ætla má að um 10% aukningar landsframleiðslu frá 1990 megi rekja til hátæknifyrirtækja.
- Meirihluti tekna hátæknifyrirtækja kemur erlendis frá. Aðeins hluti umsvifa íslenskra hátæknifyrirtækja erlendis kemur fram í íslenskum hagtölum.
- Verðmætasköpun hátæknigreina sem hlutdeild af landsframleiðslu hefur aukist mikið frá árinu 1990. Ísland er þó enn með eitt lægsta hlutfall hátæknivara í vöruútflutningi landa innan OECD.



aukist mjög mikið á undanförunum árum. Erlend stjórnvöld og fyrirtæki sækist eftir fyrirtækjum í upplýsingatækni svo og þeim sem stunda rannsóknir og þróun, búa yfir mikilli þekkingu og eiga mikla vaxtarmöguleika. Erlend stjórnvöld hafi sérstakan augastað á fyrirtækjum sem eru komin langt á proskaferli sínum og farin að selja vörur. Í Kanada býðst veruleg endurgreiðsla vegna kostnaðar við rannsóknir og þróun, styrkir og vaxtalaus lán án ábyrgðar, aðstaða og hæft starfsfólk en síðast en ekki síst stöðugur gjaldmiðill og rekstrarumhverfi. Bent var á að þetta leiði til þess að sprotafyrirtæki þar í landi geta vaxið tvisvar til þrisvar sinnum hraðar en hér á landi. Hörður Arnarson sagði það lítið mál fyrir fyrirtæki að flytja starfsemi sína að hluta eða öllu leyti úr landi en þjóð, eins og Íslendingar, sem búa við 12-13% viðskiptahalla hafi ekki efni á að missa neitt af slíkum störfum úr landi. Þau skapi útflutningstekjur og geti hjálpað til við að rétta af viðskiptahallann. Fyrirtæki af þessu tagi eigi auðvelt með að flytja starfsemi sína úr landi því að eignir þeirra felist aðallega í mannauði en ekki í húsnæði, vélum eða öðrum búnaði og ungir starfsmenn séu mjög hreyfanlegir.

Alvarlegar afleiðingar

Það er raunveruleg og yfirvofandi hættu á að efnileg íslensk fyrirtæki leggi upp laupana eða flytjist úr landi. Þetta gildir líka um þau fyrirtæki sem, þrátt fyrir allt, hefur tekist að vaxa. Þau eru öll með háan virðisauka og þjóðhagslega mjög mikilvæg. Flest greiða há laun, kaupa innlenda þjónustu greiða skatta og skila eigendum arði. Hverfi þau úr landi hverfur allur sá virðisauki með þeim. Í flestum þeirra er mikil

eftirsjá og tjónið varanlegt.

Hátækni- og sprotafyrirtæki eru í eðli sínu alþjóðleg og reka starfsemi í mörgum löndum. Ekki má gleyma að það tekur 10 til 15 ár að byggja upp öflugt iðnfyrirtæki en ótrúlega skamman tíma að rífa það niður, eins og Sigmar Guðbjörnsson komst að orði. Ingvar Kristinsson sagðist m.a. óttast að markmið Þriðju stoðarinnar, sem lúta að því að tífalda útflutningstekjur UT-greinarinnar á 6 árum, séu nú í uppnámi.

Hvað er til ráða?

Mikilvægt er að íslensk yfirvöld líti á uppbyggingu þekkingar- og sköpunariðnaðar sem fjárfestingu til langs tíma. Grípa þarf til skjótvirkra aðgerða án tafar. Þjóða þarf íslenskum fyrirtækjum það sama og gert er í nágrennlöndunum. Þar er efst á blaði að auka stuðning við rannsóknir og þróun með endurgreiðslukerfi eins og tíðkast t.d. í Noregi og Kanada. Þá þarf að bæta aðgang að auknu framboði á áhættufé til nýsköpunar og sprotafyrirtækja. Til lengri tíma lítið skiptir sköpunum að draga úr sveiflum krónunnar og koma vaxtastigi og launaþróun á sambærilegt stig og þekkist í helstu samkeppnislöndum okkar. Eins og nú er ástatt ráða slíkar aðgerðir mestu um hvort fyrirtækin geta dafnað hér á landi eða hrökklast úr landi.

Erindin má nálgast á vefsetri Samtaka iðnaðarins, www.si.is.

Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman

Auglýsingaherferð Samtaka iðnaðarins gegn kennitölulflakki

Trúir þú á endurholdgun?

Margi óska þess að vera abír en þér eru. Samir vilja koma nýtt líf með frekri boði og grómska því sem líði er.

Fyrirtæki verða stórum gjaldþroti, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meita í fyrirtækið. Seilvænndaröflunin ekki þjófinni reyna menn að vinna upp á nýtt, annars þá líkust og alla viðhóla. Við þessu er ekkert að athuga en á viðskiptasöggu lýgðir rýðskapur og stöðumjannur í ávinnunni.

Hátt ferlið í völdu að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verði til nýtt fyrirtæki ákveðni einn og það gjafna með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, verkum og líkum.

Hátt einu rýja er kennitalan sem veitir rýði líf og fæði frá innviðinu skulu, lí. vegna launa, skatta og vinnslu. Sjáðu má að fyrirtæki endurhaldgæti.

Lánsráðgjafi er á milli í öllum þingum, tölum og verkum fyrirtækja og abír verkshatar í þess ekkert upp í stau krófur við gjaldþrot. Í kjölf þessu breyða sumir upp nýtt kennitölu og hafa reksturinn stann á milli enna og ekkert hafi í skorti. Þessu má líka við meðlert hjá endurhaldgunarmannastara.

Nú er mátt að líni.

SI
Samtök iðnaðarins

SVIK OG PRETTLÍK
PRETTLÍK OG SVIK
SVIKAPRETTLÍK
PRETTASVIK
SVIK OG PRIK

OPH
10-11 og 15-16
PÁHÉLDAGA
ERKUNNINGAR
GJAFDAGUR
FÍLÍMANTAKA
KL. 12-16

Ný ræningjagríma

Þú og þessi hafa hafa ræningjar möndu þessu líf að þetta er mátt á þessu þessu hella líf á þessu líf. Þessu hafa þessu og þessu þessu mátt. Nú þessu áskilnaði nýtt aðbirtu að þessu líf. Þessu hafa þessu og þessu þessu mátt.

Fyrirtæki verða stórum gjaldþroti, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meita í fyrirtækið. Seilvænndaröflunin ekki þjófinni reyna menn að vinna upp á nýtt, annars þá líkust og alla viðhóla. Við þessu er ekkert að athuga en á viðskiptasöggu lýgðir rýðskapur og stöðumjannur í ávinnunni.

Hátt ferlið í völdu að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verði til nýtt fyrirtæki ákveðni einn og það gjafna með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, verkum og líkum.

Hátt einu rýja er kennitalan sem veitir rýði líf og fæði frá innviðinu skulu, lí. vegna launa, skatta og vinnslu.

Lánsráðgjafi er á milli í öllum þingum, tölum og verkum fyrirtækja og abír verkshatar í þess ekkert upp í stau krófur við gjaldþrot. Í kjölf þessu breyða sumir upp nýtt kennitölu og hafa reksturinn stann á milli enna og ekkert hafi í skorti.

Nú er mátt að líni.

SI
Samtök iðnaðarins

Vegagerðin snýst gegn kennitölulflakki

Kennitölulflakk er mjög algengt og alvarlegt vandamál í íslensku atvinnulífi. Könnun, sem gerð var á síðasta ári meðal 600 stjórnenda fyrirtækja, sýndi að 73% fyrirtækja hafa bedið fjárhagslegan skaða af völdum kennitölulflakks, þar af 40% oftast en sex sinnum.

Í nýgengnu útboði Vegagerðarinnar á áætlunarakstri á sérleyfisleiðum er í fyrsta sinn beitt sérstöku ákvæði til að verjast kennitölulflakki. Nýmælin felast í því að viðskiptasaga stjórnenda og helstu eigenda verður könnuð aftur í tímann og getur orðið tilefni til frávísunar. Ekki er nóg að stofna nýtt fyrirtæki með nýja og hreina kennitölu eða grípa til ónotaðrar kennitölu ef menn hafa verið svo fyrirhyggjusamir að verða sér úti um kennitölu til seinni nota, heldur er lítið til viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda og eðli rekstrar. Hér er nýmæli á ferðinni því að áður dugði að stofna nýtt fyrirtæki eða endurvekja sofandi kennitölu og þar með hurfu ógreidd lífeyrissjóðsgjöld, skattar og skuldir við birgja og



jafnvel gömul dómsmál. Þetta reyndist sumum þægileg hókus þókus aðferð sem gerði þeim kleift að taka þátt í opinberum útboðum í ójafnri samkeppni við fyrirtæki sem greiða samvisskusamlega skatta og gjöld.

Samtök iðnaðarins hafa opinberlega vakið máls á að kennitölulflakk er alvarlegt vandamál í íslensku viðskiptalífi og við því verði að bregðast. Í umræðunni hafa SI bent á að opinberir aðilar geti, sem kaupendur á útboðsmarkaði, haft veruleg áhrif til bóta. Á liðnum vetri

bentu samtökin einnig á hvernig breyta mætti ákvæðum í útboðsgögnum í þessu skyni.

Samtök iðnaðarins telja að þetta breytta verklag Vegagerðarinnar geti skipt sköpum til að stemma stigu við ómældu tjóni sem kennitölulflakkarar baka íslensku atvinnulífi og heiðarlegum þátttakendum á markaði og hvetja aðra kaupendur til að fara að fordæmi Vegagerðarinnar.

Öryggis- og umhverfismál skipta Bechtel höfuðmáli

Miklar öryggiskröfur og stíf umhverfissjónarmið verktakafyrirtækisins Bechtel á Reyðarfirði hafa vonum vakið mikla athygli. Athafnasvæði fyrirtækisins er rækilega afgirt og ströng gæsla er við hliðið inn á vinnusvæðið. Inngangan er að sögn kunnugra síst auðveldari en hjá Pétri í efra. Þetta fyrirkomulag er nauðsynlegt og ekki síður ábatasamt.

Verktakar, sem hafa unnið fyrir Bechtel, bera þessu aðhaldi og ströngum reglum vel söguna og hafa jafnvel tekið upp á móta verklag sjálfir.

Það var því hópur forvitinna frá SI, Vegagerðinni og Framkvæmdasýslu sem fór á fund yfirstjórnar Bechtel á Reyðarfirði í byrjun nóvember. Markmiðið var að fræðast um verklag fyrirtækisins og hvernig það virkjar starfsmenn til að vinna að öryggis- og umhverfismálum.

Fyrirtækið ver miklum fjármunum til kennslu- og upplýsingamála og allir nýir starfsmenn taka þátt í fjögurra vikna námskeiði og þar af fimm daga kennslu í skólastofu og þrjár vikur á vinnusvæði. Þar fá þeir meðal annars að kynnst áherslum og markmiðum sem sett hafa verið og er hinni slysalaus hugmyndafræði „Starfsemi án slysa“ sem gegnsýrir allt starf. Í byrjun hvorrar vaktar eða vinnudags er gert áhættumat þar sem starfsmenn greina helstu vinnuþætti og hvaða hættur geta leynst í starfsumhverfinu og hvernig megi bregðast við þeim. Vinnan hefst ávallt með slíkum undirbúningsfundi og athugasemdir og niðurstöður eru skráðar.

Markmið fyrirtækisins um að verða slysalaus vinnustaður er háleitt og athygli beinist að því að gera vinnustaðinn hættulausan og vera á verði gegn slysa. Öll slys og óhöpp eru skráð og greind og bætt er úr því sem betur má fara. Yfirstjórn og millistjórnendur eru virkir þátttakendur í hugmyndafræðinni og eru öðrum til fyrirmyndar í notkun persónuhlífa og að framfylgja reglum yfirleitt. - Að loknum undirbúningsfundi í byrjun vinnudags eru allir upplýstir um viðfangsefni dagsins en það eitt og sér leiðir til aukinnar skilvirkni og betri afkasta enda sér Bechtel bein tengsl milli aukins undirbúnings og viðbúnaðar og bætt verklags og betri afkomu. Jákvætt viðhorf stafsmanna og stjórnenda til þessarar sérstöku slysalaus hugmyndafræði er að líkindum lykkillinn að leyndardómnum hvernig fyrirtækinu hefur tekist að gera vinnustaðinn aðlaðandi fyrir starfsmenn og reksturinn ábatasaman.

Árni Jóhannsson





Álagning úrvinnslugjalds á umbúðir framleiðsla – innflutningur - útflutningur



Um næstu áramót verður úrvinnslugjald lagt á umbúðir úr pappa, pappír og plasti. Úrvinnslusjóður, sem tók til starfa 2003, annast umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Úrvinnslusjóður leitast við að skapa sem hagkvæmest skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur á grundvelli útboða eða verksamninga um það eftir því sem við á. Atvinnulífið á meirihluta í stjórn sjóðsins.

Ábyrgð innflytjenda og framleiðenda

Innflytjendum og framleiðendum ber samkvæmt lögum að annast og/eða greiða fyrir endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun (úrvinnslu) þeirra umbúða sem viðkomandi setur á markað. Þetta eru skyldur sem Íslendingar hafa gengist undir með þátttöku í Evrópska efnahagsvæðinu.

Úrvinnslugjald á umbúðir úr pappa, pappír og plasti

Ákveðið er með lögum að móttaka þessara umbúða hefjist 1. apríl 2005 en innheimta gjaldsins hefjist 1. janúar 2006. Þá verða innflytjendur bæði að gefa upp magn umbúða utan um vöru sem flutt er til landsins og innflutt magn umbúða. Á sama hátt verða innlendir umbúðaframleiðendur að gefa upp magn umbúða sem þeir selja. Ljóst er að þetta er viðamikil framkvæmd sem leggur töluverða vinnu á innflytjendur og umbúðaframleiðendur og mikilvægt er að vel takist til með framkvæmdina.

Jafnræði verði tryggt

Markmiðið er að framkvæmdin verði með þeim hætti að jafnræði ríki meðal rekstraraðila og hún raski ekki samkeppnisstöðu þeirra. Því hefur verið valin sú leið, sem reynst hefur vel varðandi aðra vörflokkka, að innheimta úrvinnslugjald í tolli af innfluttum umbúðum og við sölu á innlendi framleiðslu.

Meginregla

Meginreglan verður sú að innflytjandi /framleiðandi gefi upp nettóþyngd umbúða. Einnig hafa verið útbúnar reiknireglur sem grípa má til þegar þyngd og tegund umbúða er ekki þekkt. Kerfið byggist á því að innheimt gjald standi undir úrvinnslu umbúða og því sparast einhver útgjöld hjá fyrirtækjum sem nú þurfa að greiða fyrir gámaleigu, flutning og úrvinnslu umbúða.

Tollskrá er skipt upp í kafla og innan hvers þeirra er áætlað magn umbúða í hverju tollskrárnúmeri fyrir sig. Til að auðvelda úrvinnslu eru sameinuð tollskrárnúmer sem hafa sama hlutfall pappaumbúða, sem og plastumbúða. Við notkun reiknireglu verður til listi númera þar sem leitað er eftir því hvort átta stafa tollskrárnúmer vörunnar er fyrir hendi. Finnist slíkt númer er það notað. Ef svo er ekki er næst athugað hvort fyrstu sex stafir tollskrárnúmers passa og síðan fjórir og að lokum tveir stafir þannig að valið er það númer sem næst kemst viðkomandi tollskrárnúmeri. Reiknireglurnar hafa verið kynntar hugbúnaðarhúsum til að hægt sé að koma

þeim inn í hugbúnað fyrir tollskýrslugerð sem uppfærslu á núverandi hugbúnaði.

Endurgreiðsla og niðurfelling úrvinnslugjalds vegna útflutnings

Fyrirséð er að talsvert magn gjaldskyldrar vöru verður flutt úr landi og kemur því ekki til úrvinnslu hér. Gera má ráð fyrir að um 75-80% pappírs- og pappambúða, sem settar eru á íslenskan markað, fari til notkunar utan um framleiðslu til útflutnings. Stór hluti plastumbúða fer sömu leið. Veittar verða heimildir til undanþágu og skilyrði er að viðkomandi vara verði sannanlega flutt úr landi og komi ekki til úrvinnslu hér á landi. Úrvinnslugjald er því ekki lagt á viðkomandi vöru í tolli eða við innkaup. Með þessu móti sparast mikil umsýsla álagðs úrvinnslugjalds á pappa- og plastumbúðir. Sækja þarf fyrirfram um heimild til þess að geta nýtt undanþágu á greiðslu úrvinnslugjalds við tollafgreiðslu á þann hluta sendingar sem ljóst er að fer aftur úr landi og hægt er að staðfesta útflutning á ef um það er beðið síðar. Sama vara getur þannig verið tvískipt á tollskýrslu eða við innkaup á milli þess sem á að fara á innanlandsmarkað og þess sem verður nýtt til útflutnings. Áfram verður hægt að fá úrvinnslugjald endurgreitt sé undanþága ekki fengin fyrir fram.

Framleiðsla umbúða

Framleiðendur umbúða skrá sig hjá Ríkisskattstjóra sem gjaldendur úrvinnslugjalds. Framleiðendur pappa-, pappírs- og plastumbúða greiða úrvinnslugjald af umbúðum sem fara á innanlandsmarkað. Innheimta úrvinnslugjalds á umbúðir, sem seldar eru á innanlandsmarkað, fer fram með sama hætti og uppgjör vörugjalds og hefur sömu gjalddaga. Ekki er greitt úrvinnslugjald af umbúðum sem seldar eru til útflutnings.

Bryndís Skúladóttir



Stefna í mótun

Málefnnastarf Samtaka iðnaðarins heldur áfram af fullum krafti. Fjórar aðalnefndir eru að störfum og eru þegar farnar að skila af sér verkefnum og tillögum til stjórnar SI. Í hverri nefnd er fólk úr stjórn og starfsliði Samtakanna, auk félagsmanna.

Starfi málefnanefndanna er ætlað að vera fastur liður í starfsemi Samtaka iðnaðarins á næstu árum. Nefndastarfið er opið og eru félagsmenn hvattir til að taka þátt í starfi nefndanna. Málefnanefndirnar fjórar, sem nú eru að taka til starfa, eru eftirfarandi:

Starfsskilyrði iðnaðar

Nefndin einbeitir sér annars vegar að almennum starfsskilyrðum iðnaðar, gengis og efnahagsmálum en hins vegar að viðfangsefnum sem snúa að útboðsmálum, opinberum innkaupum og starfsskilyrðum verktaka.

Umsjón: Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri (sveinn@si.is)

Markaðs- og kynningarmál SI

Hér er fengist við innra- og ytra markaðsstarf SI, ímynd, slagkraft og vinnubrögð.

Umsjón: Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri (jon@si.is)

Nýsköpun og þróunarmál

Nefndin fjallar um verkefni sem lúta að nýsköpunar og þróunarmálum í öllum greinum iðnaðarins en horfir sérstaklega til uppbyggingar hátækni iðnaðar og sprotafyrirtækja.

Umsjón: Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður (david@si.is)

Menntamál

Verkefni, sem snúa að almennum mennta- og fræðslumálum iðnaðar á öllum skólastigum, eru viðfangsefni þessarar nefndar, sem og leiðir til að styrkja ímynd og efla iðn- og tæknimenntun meðal ungs fólks.

Umsjón: Ingi Bogi Bogason, sviðsstjóri (ingi.bogi@si.is)

Áhugasamir snúi sér til umsjónarmanna á skrifstofu SI í síma 591-0100 eða sendi þeim tölvupóst.

Jón Steindór Valdimarsson

Nýr hlutabréfamarkaður - isec - fyrir framsækin fyrirtæki í vexti -

Á aðalfundi Samtaka sprotafyrirtækja fyrir skömmu sagði Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallarinnar frá nýjum hlutabréfamarkaði, sem hlotið hefur nafnið isec, og er hannaður sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í örum vexti. Vonir standa til að unnt verði að opna markaðinn í byrjun næsta mánaðar. Að sögn Magnúsar er markaðurinn skilgreindur í lögum til hliðar við svonefnda skipulagða verðbréfamarkaði, sem svokallað markaðstorg fjármálagerninga en lagarammi hans er nokkru víðari en þeirra.

Markmiðið er að opna leið inn á markað fyrir lítil og meðalstór félög sem ekki standast skilyrði Aðallistans eða kjósa frekar að vera utan hans. Magnús segir að hingað til hafi tilraunir til að eiga viðskipti með hlutabréf, sem passa ekki inn í opinbera kauphallarskráningu, verið með tvennum hætti. Annars vegar myndaðist hér á landi fyrir nokkrum árum óskipulagður grár markaður þar sem fyrirtækin höfðu enga skyldu til upplýsingagjafar og þar vantaði því nauðsynlegar undirstöður trúverðugs markaðar. Hins vegar má nefna núverandi Tilboðsmarkað Kauphallarinnar en hann er aftur á móti e.t.v. of líkur opinberri Kauphallarskráningu. Allur þungi í samskiptum Kauphallarinnar vegna ísec hefur verið sá að laða að framsækin fyrirtæki og vel rekin og það sé bakgrunnurinn.

Traust umgjörð ísec

Mikil áhersla er lögð á að hafa umgjörðina sem traustasta. Viðskiptakerfið er hið sama og í Kauphöllinni sem og í öllum kauphöllum á Norðurlöndum. Markaðstorgið fellur ekki undir Evróputilskipanir og það veitir svigrúm til að víkka rammann lítið eitt. Flöggunarákvæði laga og reglur um yfirtökuskyldu eiga ekki við en ákvæði laga um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun gilda. Við ritun reglna er reynt að feta milliveg til að skapa traust á markaðnum en reglurnar taka á því sem helst máli skiptir við verðmat hlutabréfa án þess að vera of íþyngjandi fyrir smærri fyrirtæki. Taka verður tillit til þess að markhópurinn er lítil fyrirtæki og því er hvorki krafist rekstrarsögu, lágmarksstærðar né dreifingar hlutafjár.

Skráningarskilyrði

Nokkur sérákvæði hafa verið sett í reglurnar sem taka mið af þeim fyrirtækjum sem markaðurinn er hugsaður fyrir. Það á t.d. við ef rekstrarsagan er mjög stutt þá eru söluhömlur settar í eitt ár á hlutabréf stjórnenda og helstu hluthafa sem eiga hlut yfir 10%. Þá þarf félagið að gefa út yfirlýsingu um aðgang að nægu rekstrarfé til a.m.k. 12 mánaða. Að auki er markaðnum heimilt að hafna skráningu ef félagið er ekki talið rekstrarvænlegt eða skráningin er ekki talin þjóna hagsmunum ísec eða fjárfesta. Þau ákvæði eru hins vegar þess eðlis að þeim verður ekki beitt frjálst heldur að mjög vel athuguðu máli.

Annað skilyrði, sem fyrirtæki verða að fullnægja, til að komast inn á markaðinn er að útbúa skráningarskjal sem byggt er á Evróputilskipun og gengur talsvert nálægt skráningarlýsingu fyrir Aðallistann. Ólíkt því sem við á um þann lista má skalið vera hvort heldur sem er á ensku eða íslensku. Þá þarf félagið að vera með umsjónaraðila sem sér um skráningarskjalið en kauphallaradilar innan Norex eru gjaldgengir umsjónaraðilar.

ísec reglur um upplýsingagjöf

Sú grundvallarregla gildir, eins og í kauphöllum almennt, að verðmótandi upplýsingar verður að birta án tafar. Leyfilegt er að birta slíkar upplýsingar hvort sem er á ensku eða íslensku ef það má verða til að draga úr kostnaði en mælst er til þess að tilkynningar séu birtar bæði á ensku og íslensku. Flöggunarreglan í lögum um Aðallista Kauphallarinnar gildir ekki um ísec en það þýðir þó ekki að ekki sé eðlilegt að eitthvað birtist þegar stærstu hluthafar hreyfa sig. Því var ákveðið að hafa flöggunardag tvisvar í mánuði en þá ber fyrirtæki að birta lista yfir alla hluthafa sem eiga yfir 5% og hlutafjäreign þeirra. Minni kröfur eru gerðar til upplýsinga um laun stjórnenda en á Aðallistanum en á móti var haldið inni ákvæðum um kaupréttarsamninga.

Uppgjör tvisvar á ári

Krafist er uppgjör á sex mánaða fresti í stað ársfjórðungslega eins og á Aðallista Kauphallarinnar og þar þarf t.d. að birta upplýsingar um stöðu kaupréttarsamninga. Endurskoðað ársuppgjör þarf að birta eigi síðar en þremur mánuðum frá lokum reikningsárs en hálfársuppgjör eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum uppgjörstímabils. Í reglum markaðarins eru talsvert ýtarlegar leiðbeiningar um hvað teljast verðmótandi atvik. Meðal annars er stuðst við svokölluð stærðarpróf sem gefa leiðbeinandi viðmið fyrir fyrirtæki við yfirtökur og kaup og sölu á eignum. Fyrirtæki ættu t.a.m. að huga að tilkynningu ef velta yfirtækis félags er yfir 10% af veltu skráða fyrirtækisins. Svipað á við um eignir og aðrar lykilstærðir. Varðandi viðurlög við brot á reglum gildir hið sama og á Aðallista enda engin ástæða talin til annars.

Magnús Harðarson gat þess í lokin að nokkur félög hefðu lýst áhuga sínum á hinum nýja markaði. Að lokum nefndi hann samstarf ísec og Seed Forum International Foundation og sagðist vonast til að unnt yrði að skrifa undir þann samning á næstunni. Í því felst markaðssókn út fyrir landsteinana því að markaðurinn er ekki aðeins ætlaður fyrir íslensk fyrirtæki heldur einnig erlend fyrirtæki sem áhuga hafa á skráningu hér á landi.

Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman



Stöðugur óstöðugleiki

Undanfarin ár hefur efnahagsstefnan hér á landi beinst að því að viðhalda stöðugleika og varðveita kaupmátt launafólks. Stöðugleikinn hefur verið skilgreindur sem 2,5% verðbólga á ári mælt með vísitölu neysluverðs. Seðlabankanum var falið að berjast gegn verðbólgu til að festa markmið efnahagsstefnunnar í sessi og fékk til þess frelsi til að ákvarða stýrivexti. Seðlabankinn berst einn fyrir því markmiði hvað sem það kostar.

Liðnir eru 56 mánuðir frá því að verðbólguþáttur var tekið upp hér á landi. Á þeim tíma hefur verðbólga aðeins verið á eða undir verðbólguþáttinum í 17 mánuði eða 30% af þeim tímanum. Peningastefnan dugar augljóslega ekki sem skyldi. Hins vegar hefur stefnan haft vægast sagt óþægilegar aukaverkanir sem felast í því að útflutnings- og samkeppnisfyrirtæki búa við afar miklar gengissveiflur og óstöðug starfsskilyrði. Það getur varla talist stöðugleiki þegar gengið sveiflast um tugi prósentu á ári, viðskiptahalli er í sögulegu hámarki og vinnumarkaðurinn yfirspenntur. Útflutnings- og samkeppnisfyrirtæki búa við stöðugan óstöðugleika sem ekki verður unað við til frambúðar.

Hvers vegna dugar peningastefnan ekki?

Nokkrar grundvallarástæður eru fyrir því að peningastefnan dugar ekki til að stuðla að jafnvægi í efnahagsbúskapnum. Í fyrsta lagi nýtur Seðlabankinn ekki nægjanlegs stuðnings stjórnvalda í baráttu sinni við verðbólgu. Á sama tíma og Seðlabankinn reynir að kæla hagkerfið með máttlitlum vaxtahækkunum hella stjórnvöld olíu eldinn með

um breytingum á fasteignamarkaði.

Í öðru lagi má færa fyrir því rök að Seðlabankinn berjast nú við verðbólgu sem er einfaldlega ekki fyrir hendi. Sú verðbólga, sem mælist, stafar af hækkun á verði húsnæðis og olíu. Ef verðbólga er mæld á samræmdan evrópskan mælikvarða er hún með því lægsta sem þekkt í Evrópu. Vissulega er spennan á vinnumarkaði en hægt er að bregðast við henni með öðrum hætti en ítrekuðum vaxtahækkunum og gengisstyrkingu. Ein leið er að auðvelda innflutning erlends vinnuafis og bregðast þannig við umframeftirspurn eftir vinnuafli.

Í þriðja lagi er peningastefnunni og miðlunarferli hennar ætlað hafa áhrif á markaðsþætti, eignaverð, peningamagn, væntingar og gengi með það fyrir augum að hægja á hagkerfinu. Ekkert af þessu virðist þó bera árangur nema gengið. Lítil tengsl virðast vera milli stýrivaxta Seðlabankans og langtímavaxta. Þeir hafa þó hækkað nokkuð síðustu vikur og nokkrar líkur eru á að vextir af fasteignalánum fari hækkandi. Eignaverð, bæði fasteigna- og hlutabréfaverð, er mjög hátt og hefur ekkert gefið eftir þrátt fyrir vaxtahækkunir. Verðbólguvæntingar eru miklar og trúverðugleiki bankans er lítill. Einu áhrifin koma fram í hækkandi gengi krónunnar með þeim afleiðingum að útflutnings- og samkeppnisgreinarnar bera hitann og þungann af aðhaldi Seðlabankans. Vaxtastefnan veldur líka vaxandi einkaneyslu. Um 40% af einkaneyslunni eru flutt inn frá útlöndum. Vegna styrkingar á gengi krónunnar verður einkaneyslan nú ódýrari en áður. Venjulega ættu háir vextir að hvetja fólk til sparnaðar en vegna þess að neyslan er nú ódýrari en áður hefur vaxtastefnan þau öfugu áhrif að auka hana.

Að lokum má nefna skort á trúverðugleika peningastefnunnar sem hugsanlega skýringu á vanmætti hennar. Seðlabankinn hefur sjálfur bent á þetta vandamál. Kjarninn í verðbólguþáttinum er að hafa áhrif á verðbólguvæntingar. Þrátt fyrir mikið aðhald í peningamálum hefur fjármálamarkaðurinn ekki fulla trú á að þessar aðgerðir komi að gagna. Verðbólguvæntingar eru nefnilega einhver mikilvægasti áhrifa-valdur verðbólgu. Ef allir búast við verðbólgu er það eitt og sér líklegt til að valda verðbólgu.

Útlendingar treysta á Seðlabankann

Þeir einu, sem virðast hafa fulla trú á peningamálastefnunni, eru erlendir spá-



kaupmenn sem treysta því að vextir verði áfram háir og gengi krónunnar haldið sterku með handafla. Með því móti geta þeir nýtt sér hinn mikla vaxtamun og hagnast á honum. Bent hefur verið á að tilkoma spákaupmanna sé þroskamerki íslensks fjármálamarkaðar. Þeir leita einfaldlega uppi háa vexti og nýta sér til fulls. Engan ætti því að undra þó að erlend skuldabréfaútgáfa í krónum nemi nú yfir 100 milljörðum á þessu ári með tilheyrandi gengisstyrkingu og tilsvarendi skaða fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar. Þetta ástand vekur upp þá spurningu hvort íslenska hagkerfið sé ekki allt of lítið til að halda úti sjálfstæðri mynt með verðbólguþolmið.

Því er ekki að neita verðbólguþolmið hefur reynst vel í þeim löndum sem hafa tekið upp slíka stefnu. Íslenska hagkerfið er langminnst þeirra sem það hafa gert og árangurinn er bara 30%. Þegar stefnan var tekin upp hérlendis árið 2001 var orðið ljóst að fyrri peningamálastefna, með gengis-

markmið að leiðarljósi, var orðin gjaldþrota. Núverandi vaxta- og peningamálastefna virðist líka vera komin í þrot. Nú er kominn tími til að leggja af heimasmiðaðar og sérsniðnar lausnir í peningamálum og taka upp það kerfi sem flestar aðrar þjóðir í heiminum nota.

Hvað er til ráða?

Samtök iðnaðarins hafa um árabil lagt til að evran verði tekin upp á hér á landi. Sterkt gengi krónunnar er í sjálfu sér engin rök fyrir upptöku evru. Þegar gengi krónunnar er sterkt kvarta útflutnings- og samkeppnisgreinar en þegar gengið veikist kvarta ferðaglaðir Íslendingar og innflytjendur vöru og þjónustu. Gífurlegar gengissveiflur, erfiðleikar í alþjóðlegri samkeppni og mikill viðskiptakostnaður eru hins vegar sterk rök þótt ekki sé minnst á mögulega aukningu í alþjóða- viðskiptum og minni viðskiptakostnaði.

Margir andstæðingar evru telja annmörkum háð að gefa sjálfstæða pen-

ingamálastefnu upp á bátinn. En það er einmitt það sem við þurfum því að núverandi stefna er að sliga útflutnings- og samkeppnisgreinar sem eru burðarstólpar íslensks atvinnulífs. Einnig hefur verið nefnt að hagsveiflan hér sé úr takti við hina evrópsku. Það er rétt í sögulegu samhengi en upptaka evru stuðlaði líklega að meiri samhverfu í hagsveiflu og yki alþjóðaviðskipti. Rökin standast því tæpast um ókomna framtíð.

Ef við viljum að Ísland sé í fremstu röð með öflugt og samkeppnishæft atvinnulíf þurfum við líka starfsskilyrði í fremstu röð. Svo er því miður ekki um þessar mundir. Markmið efnahagsstefnunnar er allt of þröngt og miðast eingöngu við að viðhalda stöðugleika í verðlagi. Endurskoða þarf markmiðið í efnahagsmálum og stefna að víðtækum stöðugleika, bæði í verðlagi, á vinnu- markaði og gengismálum. Besta leiðin er að skipta út peningastefnunni og taka upp evru.

Bjarni Már Gylfason

Aðalfundur Samtaka sprotafyrirtækja árið 2005

Fundurinn var haldinn föstudaginn 21. október í Húsi Nýherja. Jón Ágúst Þorsteinsson var endurkjörinn formaður samtakanna. Nýir í stjórn voru kjörin Svana Helen Björnsdóttir hjá Stika ehf., Vilborg Einarsdóttir hjá Mentor ehf. og Júlíus B. Kristinsson hjá ORF líftækni hf. en Guðnýjar Káradóttir hjá Gagarín ehf. sem setið hefur í stjórn síðasta ár gaf ekki kost á sér áfram. Fyrir í stjórn eru Egill Másson, Viasys á Íslandi, Baldur Þorgilsson, hjá Kine ehf. og Jón Helgi Egilsson hjá Klaki nýsköpunarmiðstöð. Aðalfundur fól stjórninni skipta með sér verk-um og tóku Egill og Baldur sæti í vara- stjórn en Svana og Vilborg taka sæti til tveggja ára og Jón Helgi og Júlíus til eins árs.

Formaður SSP, Jón Ágúst Þorsteinsson, flutti skýrslu stjórnar og tillögur að verkefnaskrá næsta starfsárs. Í máli hans kom fram að á síðsta ári hefur verið lagður almennur grunnur

að umbótum í starfi sprotafyrirtækja. Umbæturnar eru hins vegar ekki enn farnar að skila sér beint til fyrirtækjanna. Á nýju starfsári verður megin- áherslan því lögð á að fylgja eftir þeim verkefnum sem koma fyrirtækjunum að sem mestu gagni. Í því sambandi verður einkum lögð áhersla á neðan- greind verkefni:

1. Kortlagning á stöðu- og þörfum sprotafyrirtækja
2. Efling fjármögnunar- og stuðnings- umhverfis sprotafyrirtækja
3. Árlegt sprotapening með þátttöku þingmanna

Þessi verkefni og fleiri hafa í reynd verið skilgreind í einu samhæfðu regnhlífarverkefni sem fengið hefur nafnið - Sprotavettvangur - samstarfsvettvangur um uppbyggingu sprotafyrirtækja.

Megintilgangurinn með Sprotavett-

vangnum er að vinna að því markmiði:

„Að frá og með árinu 2010 bætist árlega að jafnaði tvö ný tækniyrirtæki í þann hóp sem veltir yfir einum milljarði á ári og skilar sér inn á almennan hlutabréfamarkað“ m.a. með meiri samhæfingu og samfellu í þeim fjármögnunar- og stuðningsaðgerðum sem standa fyrirtækjunum til boða eftir því hvar þau eru stödd á þróun- arbrautinni.

Þetta verkefni var kynnt á opnum félagsfundum í júní s.l. og kynnt í síðasta tölublaði Íslensks iðnaðar.

Að loknum aðalfundarstörfum var farið yfir stöðu mála varðandi nýjan markað í Kauphöll, sem sagt er frá annars staðar í blaðinu, og störfum nefndar um fjármögnun nýsköpunar, en þar eru m.a. á ferðinni málefni sem snúa að skattkerfisbreytingum til að hvetja til aukinnar nýsköpunar í fyrirtækjum.

Davíð Lúðvíksson

Tilraun um vinnustaðanám tókst vel



Lögð hefur verið fram úttekt á tilraun um nýtt fyrirkomulag vinnustaðakennslu sem hefur staðið yfir undanfarin tvö ár. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, ýtti tilraunaverkefninu úr vör í mars 2004 með þeim orðum að ef árangur af tilrauninni yrði góður kæmi til greina að ríkið kæmi að fjármögnun vinnustaðanáms í framtíðinni.

Með þessari úttekt er lokið 10 milljóna króna tilraunaverkefni sem ríkisstjórnin tók ákvörðun um í desember 2002. Tilraunin náði til vinnustaðanáms í málm-, prent- og matvælaíðnaði, sjúkraliðanámi, verslun og þjónustu. Meginniðurstaða úttektarskýrslunnar er sú að tilraunin hafi í heild tekist vel og að hún gefi „fyrirheit um að með fyrirkomulagi sambærilegu við það, sem prófað var, sé hægt að gera vinnustaðanám viðkomandi iðngreina markvissara.“

Samtök iðnaðarins hafa lýst yfir ánægju með úttektina við menntamálaráðherra. Samtökin telja nú staðfest, eftir áralangt samstarf atvinnulífs og menntamálaráðuneytis, að festa þurfi í sessi nýtt fyrirkomulag vinnustaðanáms og að taka þurfi stefnumótandi ákvörðun um fjármögnun þess.

Forsendurnar

Ástæðan fyrir því að SI hófu máls á þróun vinnustaðanáms á sínum tíma (sbr. skýrsluna Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu (feb. 2001)) var m.a. eftirfarandi:

- Ábyrgð á vinnustaðakennslu er óljós. Þótt lög um

framhaldsskóla geri ráð fyrir bæði skólakennslu og vinnustaðakennslu hafa fyrirkomulagi, aðbúnaði og framkvæmd vinnustaðakennslu verið sköpuð síðri skilyrði.

- Nýjar kröfur í atvinnulífinu gera kröfur til markvissara vinnustaðanáms. Fleiri störf verða verðmætari. Vaxandi kröfur eru um að fyrirtæki nýti betur aðföng, m.a. starfsfólk og tíma.
- Skýra þarf fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu.

Breyttar áherslur

Á síðustu árum hafa orðið breytingar í atvinnulífinu sem herða á nauðsyn þess að fyrirkomulag vinnustaðanáms verði þróað. Stjórnendur líta í vaxandi mæli á að mannaúður skipti sköpum um hvernig fyrirtækjum reiðir af í samkeppni. Menntakerfið er meðal þeirra stöða í samfélaginu sem geta skapað fyrirtækjum hagstæð starfsskilyrði.

Mennta þarf fólk til starfa sem atvinnulífið hefur þörf fyrir. Í því sambandi er vert að hafa í huga að kennsla og þjálfun á sér ekki eingöngu stað í skólum heldur einnig í fyrirtækjunum. Atvinnulífið hefur um áratugaskeið séð um kennslu og þjálfun sem samkvæmt lögum heyrir undir opinbera skólakerfið, m.a. vinnustaðakennslu í iðngreinum. Atvinnulífið telur mikilvægt að efla vinnustaðakennslu, bæði með því að skapa henni formlegan ramma líkt og kennsla í skólum hefur - og eins með því að skapa atvinnulífinu fjárhagslegan grundvöll til að sinna þessu mikilvæga hlutverki.

Ingi Bogi Bogason

Tillögur Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins leggja til að stjórnvöld hlutist til um eftirfarandi aðgerð:

1. Stjórnvöld hrindi í framkvæmd áætlun um vinnustaðanám byggðri á reynslu sem fékkst af tilraunaverkefni um vinnustaðanám. Mikilvægt er að náð samráð verði haft við viðkomandi atvinnugreinar um skipulag og tilhögun vinnustaðanáms.
2. Stjórnvöld taki ákvörðun um fjármögnun vinnustaðanáms.
3. Fyrirtæki, sem standast skilgreindar kröfur til þess að teljast fær um að annast vinnustaðanám (kennslufyrirtæki), geti sótt um framlag til að standa undir tilteknum hluta vinnustaðanáms.

Staða Þriðju stoðarinnar til umfjöllunar á aðalfundi

Aðalfundur Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja var haldinn 21. október síðastliðinn. Í máli Ingvars Kristinsson formanns kom fram að starfsárið hefði verið viðburðaríkt og stjórnin hefði einbeitt sér að tilboðinu um Þriðju stoðina sem afhent var iðnaðarráðherra á Iðnþingi. Markvisst væri unnið að því að kynna verkefnið innan stjórnarsýslunnar og kanna hvaða farvegur væri bestur til að hrinda verkefnum í framkvæmd. Erfitt geti verið fyrir stjórnarsýsluna að veita þessum iðnaði það brautargengi sem þurfi, m.a. vegna þess hve mörgum ráðuneytum málefni hans tilheyra.

Á aðalfundinum fór Sigfús Ingi Sigfússon frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu yfir stöðu tilboðsins um Þriðju stoðina innan stjórnarsýslunnar. Ráðuneytið hefur beint tilboðinu til Vísinda- og tækniráðs til umfjöllunar til að fá nauðsynlegan samhljóm um aðgerðir. Gert er ráð fyrir að ráðið álykti um stöðu hátækni iðnaðarins nú í desember. Sigfús gat þess að ágætur samhljómur væri milli ýmissa atriða Þriðju stoðarinnar og stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004 -2007 en þar eru fjölmörg verkefni falin ráðuneytum til ábyrgðar. Sigfús sagði að iðnaðarráðherra hefði tekið mjög vel í tilboðið um Þriðju stoðina og hefði mikinn metnað fyrir hönd íslensks upplýsingatækniiðnaðar um eflingu hans á næstu árum.

Á aðalfundinum var kosin ný stjórn SUT og urðu allmiklar breytingar á stjórninni þar sem fjórir stjórnarmanna gáfu ekki kost á sér áfram, þar á meðal Ingvar sem hefur verið



Guðmar Guðmundsson nýkjörinn formaður SUT kveður sér hljóðs



Sigfús Ingi Sigfússon, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu

formaður undanfarin sjö ár. Aðrir sem ekki gáfu kost á sér voru Guðni í ANZA, Ágúst í Tölvumiðlun og Páll í Hug. Þeim voru öllum þökkúð vel unnin störf í þágu SUT undanfarin ár.

Nýja stjórn skipa, Guðmar Guðmundsson, TM Software, formaður, Stefán Jóhannesson, Þekkingu, Sigríður Olgeirsdóttir, Ax hugbúnaðarhúsi, Hilmar Veigar Pétursson, CCP, Hreinn Jakobsson, Skýrr, Guðný Káradóttir, Gagarín og Ólafur Daðason, Hugviti.

Guðmundur Ásmundsson

meistarinn.is

þar sem þú finnur fagmenn!

Vísindamenn framtíðarinnar keppa í tækni-Lego

Fyrir skömmu var í fyrsta sinn haldin hér á landi keppni meðal 10 til 16 ára barna í að leysa þrautir með vörum frá LEGO. Nemendur í Smáraskóla í Kópavogi sigruðu í keppninni. Samtök iðnaðarins, Verkfræðideild HÍ, Marel og Barnasmiðjan eru bak-hjarlar keppinnar.

Um 200 börn í 20 liðum tóku þátt í keppninni. Á undanförunum tveimur mánuðum hafa börnin forritað og sett saman vélmenni úr Legokubbum. Vélmennin eiga að leysa ýmsar þrautir sem lagðar eru fyrir þau á þar til gerðum þrautabrotum. Sigurvegararnir öðlast rétt til að keppa á Norðurlandamóti sem haldið verður í Noregi í byrjun desember.

Alls tóku um 400 lið þátt í sambærilegum Legómótum á öllum Norðurlöndunum um síðustu helgi. Keppnin er hluti af alþjóðlegri keppni sem heitir "First Lego League" og er haldin af samtökunum FLL á Íslandi. Samtökin voru stofnuð fyrir á þessu ári og beita sér fyrir því að gera raunvísindi áhuga-

verð og skemmtileg fyrir börn og unglinga með sterkum tengslum við atvinnulífið.

Verðlaun voru veitt í ýmsum flokkum:

1. Verðlaun fyrir rannsóknaverkefnið: Team Atlantis frá Salaskóla Kópavogi.
2. Verðlaun fyrir hópvinnu: Krabbar frá Akurskóla Reykjanesbæ.
3. Verðlaun fyrir tæknivinnu: Klettarnir frá Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar.
4. Vélmennaverðlaun 1. sæti: Landkrabbarnir frá Smáraskóla.
5. Vélmennaverðlaun 2. sæti: Perlur Hafsins frá Flúðaskóla.
6. FIRST LEGO League Meistarar: Landkrabbarna: Liðsstjóri: Vilmundur Þorsteinsson Krakkarnir eru í 7. bekk Smáraskóla, Dalsmára 1, Kópavogi. Nafnalisti: 1. Ásthildur B Jensdóttir 2. Guðmundur Þorsteinsson 3. Jón Gísli Björgvinsson 4. Kristján Kristjánsson 5. Ólafur U Torfason 6. Sindri Þór Sigurðsson 7. Victor J Gressier 8. Vilborg Á Árnadóttir

Ingi Bogi Bogason



Nú liggja Danir í því

Danir hafa áhyggjur af því að í framtíðinni muni margt hugvísindamenntað háskólafolk glíma við atvinnuleysi eða lág laun. Á sama tíma stefnir í að skortur verði á lögfræðingum, tæknifræðingum, læknum og tannlæknum. Nils Groes, prófessor við Kennaraháskólann í Danmörku, telur að þessi vandi liggja í lélegri áætlanagerð í menntakerfinu.

Nils Groes telur að til staðar sé innbyggt tregðulögmál í menntakerfinu. Háskólar fá greitt í samræmi við fjölda

nemenda, í líkingu við reiknilíkanið hér á landi. Viðleitnin er sú að háskólar halda í nemendum sína með öllum ráðum þótt ýmislegt bendi til að þeim bjóðist betri störf og hærra laun í öðrum greinum. Að sjálfsögðu eiga nemendur rétt á því að læra það sem þeir vilja, en...:

„Laun og fjöldi lausra starfa hljóta alltaf að vera forsenda fyrir námsvalinu. Nemendur eiga rétt á upplýsingum um þetta,“ segir Nils Groes.

Aðalfundur SÍL

Fjármagn til nýsköpunar í brennidepli

Samtök íslenskra líftækniyfirtækja héldu aðalfundi sinn 26. október. SÍL er eitt yngsta aðild-
arfélag Samtaka iðnaðarins, stofnað 27. maí 2004. Fjármögnun nýsköpunar var efst á baugi og fagnaði fundurinn aukinni áherslu stjórnvalda á nýsköpun en telur jafnframt að margt sé enn óunnið í þeim efnum.

Jakob áfram formaður

Á fundinum fór fram stjórnarkjör og voru þeir Jakob K. Kristjánsson hjá Prokaria, Einar Mäntylä hjá ORF Líftækni og Snorri Þórisson hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni endurkjörnir í stjórn SÍL og er Jakob formaður.

Félagsmenn í SÍL eru orðnir ellefu en þeir eru: Bláa lónið heilsuvörur ehf., Hjartavernd, KLH ehf., Líf-Hlaup ehf., Lyfjapróun hf., NimbleGen Systems útibú á Íslandi, ORF Líftækni hf., Prokaria ehf., Rannsóknarþjónustan Sýni ehf., Saga-Medica heilsujurtir ehf. og UVS - Urður, Verðandi, Skuld ehf.

Fjármögnun nýsköpunar

Magnús Harðarson, forstöðumaður viðskiptasviðs Kauphallar Íslands fjallaði um Nýtt markaðstorg Kauphallar Íslands - iSEC.

Hann sagði frá hlutabréfamarkaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, iSEC, sem verður hleypt af stokkunum í Kauphöllinni fyrir áramót sjá nánar á bls. 10 og 11.

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri NSA, gerði grein fyrir starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.

Hann sagði einnig frá því sem framundan er. Horfur eru á að sjóðurinn sé að eflast eftir nokkur mögur ár. Ákveðið hefur verið að veita til hans einum milljarði þegar á þessu ári og fyrirheit



Jakob K.
Kristjánsson
nýkjörinn formaður
SÍL

hafa verið gefin um allt að einn og hálfan milljarð á árunum 2007-2009 takist sjóðnum að afla a.m.k. sömu fjárhæðar hjá öðrum fjárfestum. Að því eru nú unnið.

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, sagði frá Sprotavettvangi

Hann fjallaði stuttlega um hugmyndir um að stofna sérstakan sprotavettvang þar sem allir þeir sem hlut eiga að máli, sprotar, stoðkerfi, stjórnvöld og fjárfestar komi saman og stilli saman strengi til þess að ná því markmiði að a.m.k. tvö sprotafyrirtæki ná því árlega að velta einum milljarði króna. Hugmyndinni hefur verið vel tekið og líkur á að formlega verði stofnað til þessa samstarfs á næstunni.

Ályktun um nýsköpun

Á fundinum lagði stjórn SÍL fram drög að ályktun sem fundarmenn samþykktu einróma.

Hún er svohljóðandi:

„Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja hluta söluandvirðis Símans til að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins ber vott um vaxandi skilning á gildi nýsköpunar í íslensku atvinnulífi.

Líftækni er ein þeirra hátæknigreina sem er að festa rætur í íslensku at-

vinnulífi. Hún er, eðli málsins samkvæmt, ung en vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Margir þættir hafa áhrif á vöxt og framgang þeirra fyrirtækja sem starfa innan líftækninnar. Auk stöðugleika í efnahagsmálum og góðra almennra starfsskilyrða þarf sérstaklega að huga að þeirri umgjörð sem lýtur að fjármögnun rannsókn- og þróunarstarfs innan fyrirtækja og aðgangi að áhættufé.

Brýnt er að stjórnvöld, í samvinnu við hagsmunaaðila, móti skýra stefnu sem hefur að markmiði að hvetja til og greiða enn frekar fyrir uppbyggingu hátækni iðnaðarins. Margar helstu samkeppnisþjóðir okkar hafa markað slíka stefnu og sett sér skýr markmið. Hér megum við ekki verða eftirbátar.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar er til þess fallin að auka framboð á áhættufé ef vel tekst til. Samtök íslenskra líftækniyfirtækja leggja áherslu á að sjálfstæði og svigrúm Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verði tryggt og að honum verði gert kleift að ganga til samstarfs við aðra fagfjárfesta um stofnun og rekstur öflugr framtakssjóðs. Þá er nauðsynlegt að setja skýra löggjöf um starfsemi og skattamál sérhæfðra fagfjárfesta á sviði nýsköpunar- og sprotafjárfestinga.

SÍL fagnar mikilvægu skrefi stjórnvalda í rétta átt. Þó er mikið verk framundan í stefnumótun og Samtök íslenskra líftækniyfirtækja eru reiðubúin að taka þátt í þeirri vinnu með stjórnvöldum sé þess óskað.

Frekari upplýsingar um Samtök íslenskra líftækniyfirtækja er að finna á slóðinni: www.si.is/icebio

Jón Steindór Valdimarsson



Almenn ánægja með Dag byggingariðnaðarins í Hafnarfirði:

Mikill áhugi á lóðum á Völlum og í Áslandi

Almenn ánægja er með Dag byggingariðnaðarins í Hafnarfirði sem haldinn var laugardaginn 15. október. Af viðbrögðum almennings er ljóst að mikill áhugi er á lóðum í Hafnarfirði.

Um fimm þúsund gestir sóttu sýningu, sem haldin var í tengslum við Dag iðnaðarins, í samkomusal Íþróttamiðstöðvar Hauka að Ásvöllum. Þar kynnti Hafnarfjarðarbær m.a. skipulag og lóðaframboð á Völlum 5 og 6, í Selhrauni og Áslandi 3 og þrjú svæði undir atvinnulóðir. Einnig kynntu byggingaverktakar, fasteignasalar og fjármálastofnanir

fyrirhugaðar framkvæmdir og fjármögnunarmöguleika vegna þeirra. Byggingaverktakar í Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði höfðu opið hús í völdum byggingum á sínum vegum á Vallarsvæðinu. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir meðal gesta og gangandi.



Lúðvík, Guðlaugur og Gunnar kampátir í lok dagsins



Bæjarstjóri Hafnarfjarðar tók vel á móti gestum og skeggræddi málin



Stórsnjöll hugmynd!
Byggingakranavatn í boði
Landsbanka Íslands



Starfsmaður
Byko lagði
hausinn í
bleyti!



Bás
Sparisjóðs
Hafnarfjarðar



Starfsmenn AP sýninga kynntu sýninguna Verk og vit 2006 sem verður í nýju Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal 16. til 19. mars



Fríðrik Ágústsson, framkvæmdastjóri MIH (fyrir miðju), bauð gesti velkomna í opið hús hjá nokkrum byggingaverktökum á Vallarsvæðinu



Guðlaugur Adolfsson, formaður MIH, þakkaði þátttakendum samstarfið og myndarlegan stuðning Samtaka iðnaðarins og Hafnarfjarðarbæjar



Íbygginn gestur kynnrir sér nýtt deiliskipulag á Ásvöllum



Hamagangur hjá fasteignasöluinni Hraunhamri

Jón Rúnar Arilíusson, bakameistari, framreiddi ljúffengt hlaðborð á uppskeru-hátíðinni um kvöldið





Varhugavert að nýta sér þjónustu starfsmannaleiga

Skattamál óljós - Öruggara að ráða starfsfólk en taka á leigu

Staða skattamála vegna starfsmanna á vegum starfsmannaleiga er afar óljós. Að mati skattyfirvalda bera fyrirtæki, sem hafa fólk í vinnu, fulla ábyrgð á skattskilum þess. Ekki skiptir máli þótt starfsmannaleigur ábyrgist greiðslu skatta starfsmanna. Skattyfirvöld segjast innheimta staðgreiðsluskatta og launatengd gjöld beint af þeim fyrirtækjum þar sem vinnan fer fram.

Meðan þessi óvissa ríkir ráðleggja Samtök iðnaðarins félagsmönnum sínum eindregið að ráða frekar fólk til starfa í stað þess að nota starfsmannaleigur. Þannig verður best komið í veg fyrir hugsanleg vandræði og óvænta bakreikninga.

Vel má nýta þjónustu starfsmannaleiga eða ráðningarskrifstofa til að finna starfsfólk en öruggast er að afla atvinnu- og dvalarleyfis og taka starfsmenn á launaskrá. Benda má á að mun auðveldara og fljótlegra er að afla leyfa vegna erlends starfsfólks en áður var.